



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 1. október 2025
USK25090041

Umsögn um tillögu fulltrúa Framsóknarflokksins um skammtíma sleppistæði

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. september 2025 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins, sbr. 21. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 3. september 2025.

Framsókn leggur það til við umhverfis- og skipulagssvið að koma með tillögur að því hvernig megi útfæra skammtíma sleppistæði í miðborginni í nálægð við veitingastaði og verslanir, til að greiða aðgengi að heimsendingarþjónustu og styðja við rekstrarmöguleika veitingastaða og verslana í miðborginni.

Greinargerð:

Samþykkt tillögunnar felur í sér að umhverfis- og skipulagssviði verði falið að kanna bestu útfærslur á sleppistæðum, þar á meðal staðsetningu, afmörkun og merkingum, og leggja tillögur að útfærslum fyrir umhverfis- og skipulagsráð.

Heimsendingarþjónusta á bæði vörum og matvælum hefur aukist verulega síðustu ár. Heimsfaraldurinn COVID-19 flýtti þeirri þróun verulega þegar neytendur kynntust í auknum mæli þægindunum sem felast í því að fá vörur og mat beint heim að dyrum. Þrátt fyrir að samkomutakmörkunum hafi verið aflétt hefur notkun á þessari þjónustu haldið áfram að aukast og er orðin fastur liður í daglegu lífi margra. Þessi þróun hefur þó í för með sér áskoranir á þeim stöðum þar sem bílastæði eru af skornum skammti eða aðgengi bifreiða takmarkað, einkum hvað varðar aðgengi ökumanna sem annast heimsendingar.

Skortur á aðgengilegum skammtímastæðum gerir það að verkum að sendibílar eiga oft í erfiðleikum með að leggja löglega og án þess að valda truflunum í umferðinni og fyrir gangandi vegfarendur, eða þurfa að leggja langt frá þeim stað sem þeir sækja varning á með tilheyrandi aukningu á sendingartíma sem hefur áhrif á gæði matarsendinga.

Aðilar sem starfa við heimsendingarþjónustu hafa bent á mikilvægi þess að svæðið sé hannað þannig að hægt sé að sækja vörur og mat án þess að þurfa að leggja langt frá þeim stað sem sækja á varninginn, og án þess að greiða háar fjárhæðir fyrir aðeins 5-10 mínútna stopp. Skortur á skammtímastæðum leiðir til þess að tími og kostnaður sendibílstjóra eykst, sem bitnar bæði á fyrirtækjum og neytendum.

Sérstök sleppistæði í nánd við veitingastaði og verslanir auðvelda fyrirkomulag sendinga og gagnast fyrirtækjum, sendibílstjórum og almenningi. Einnig er líklegt að bílum sem lagt er ólöglega muni fækka og að borgarumhverfið verði öruggara fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Sem



Reykjavík



og að styðja við fyrirtæki í miðborginni sem byggja viðskipti sín í auknum mæli á heimsendingum, og þannig styrkt samkeppnishæfni miðborgarinnar gagnvart verslunarmiðstöðvum og netverslunum. Tillagan getur jafnframt gagnast þjónustu borgarinnar t.a.m. við matarsendingar.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar dags. 10. september 2025.

Umsögn:

Reykjavík notar gjaldskyldu til að stýra nýtingu bílastæða þar sem eftirspurn eftir þeim er mikil. Í samræmi við verklagsreglur um innleiðingu nýrra gjaldsvæða á borgarlandi er miðað við að nýting á bílastæðum fari að jafnaði ekki yfir 85% þegar eftirspurn er í hámarki og ætti því að jafnaði að vera 1-2 bílastæði laus af hverjum 10 hverju sinni.

Þess utan er á flestum stöðum í miðborginni heimilt að stöðva ökutæki á akbraut, að því gefnu að það valdi ekki óþarfa óþægindum fyrir aðra umferð. Þá eru vöruafhendingarstæði staðsett á völdum stöðum í miðborginni, mörg hver án tímabindingar, og heimilt að nýta þau til lestunar og losunar ökutækja. Með hliðsjón af þessu er ekki talið tilefni til að útvega sérstaklega skammtíma stæði fyrir heimsendingarþjónustu í miðborginni.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deild samgangna



Reykjavík